

Mættir:

- Þorsteinn Gunnarsson (bæjarskrifstofa) – Formaður
- Lóa Björg Björnsdóttir (leikskóli)
- Halldóra Halldórsdóttir (grunnskóli)
- Álfheiður Guðmundsdóttir (íþróttamiðstöð)
- Siggeir Fannar Ævarsson (bæjarskrifstofa)
- Einnig sátu Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri og Róbert Ragnarsson bæjarstjóri fundinn.

1. Ný stjórn Vinnuverndarnefnd frá maí 2015 til maí 2017

Kjörtímabil Vinnuverndarnefndar er á enda en fráfarandi stjórn var kjörin til tveggja ára. Fráfarandi formaður fór yfir helstu verkefni nefndarinnar og þakkaði nefndarmönnum fyrir vel unnin störf og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Á meðal verkefna sem unnið hefur verið að er áhættumat fyrir allar stofnannir, gerð viðbragðsáætlunar í eineltismálum, vinnuverndarmöppur, senda nefndarmenn á vinnuverndarnámskeið, hvetja til gerð rýmingaráætlunar fyrir allar stofnanir bæjarins og merkingar á flóttáætlunum í grunnskólum, marka stefnu fyrir innkaup og notkun hjartastuðtækja fyrir bæinn auk þess sem starfsmenn hafa leitað til nefndarinnar með vinnuverndarmál sem nefndin hefur vísað áfram til viðkomandi forstöðumanna. Stjórnin hélt 14. bókaða fundi á þessum tveimur árum en nefndin hittist að jafnaði á sex vikna fresti en tekur sér frí yfir sumartímann.

Róbert bæjarstjóri lagði áherslu á að vinnuvernd væri mikilvægur hluti af starfsemi bæjarins og hvatti nýja nefnd til dáða.

Á meðal verkefna sem framundan eru fyrir nýja stjórn:

- Senda nýja nefndarmenn á vinnuverndarnámskeið
- Áhættumat fyrir allar stofnir - uppfæra. Skila fyrir 1. júlí
- Flóttaleiðir í báðum grunnskólum, hengja upp myndir. Búið að gera flóttaleiðir fyrir allar stofnanir, nema nýja íþróttamannvirkið. Óska eftir því við Sigurð. Sigmar biður arkitektinn um að fara í íþróttamiðstöðina í samráði við Ása.
- Viðbragðsáætlanir
- Hvetja að láta merkja stæði fyrir fatlaða við flestar stofnanir og athuga með ramp fyrir fatlaða
- Minna á hjartastuðtæki við gerð fjárhagsáætlunar
- Stillingar á vinnustöðum o.fl. Eru til gögn. Hver forstöðumaður þarf að kanna hjá sinni stofnun.

2. Áhættumat stofnana

Áhættumat fyrir grunnskólans við Ásabraut og Vinnuskólann er á lokasprettinum. Gera þarf alveg nýtt áhættumat fyrir íþróttamiðstöðina. Liðin eru tæp tvö ár síðan áhættumat fyrir aðrar stofnanir var gert. Á síðasta fundi var samþykkt að uppfæra þau. Skilafrestur er 1. júlí nk.

3. Kosningar/skipan í vinnuverndarnefnd

Frá síðasta fundi nefndarinnar hafa flestar stofnanir kosið vinnuverndartrúnaðarmenn eða búið að skipa vinnuverndarverði. Nýja stjórn Vinnuverndarnefndar skipa:

Stofnun	Vinnuverndarvörður	Vinnuverndartrúnaðarmaður
Grunnskóli Ásabraut	Daníel Júlíusson	Halldóra Halldórsdóttir
Bæjarskrifstofa	Siggeir Fannar Ævarsson	XXX
Leikskólinn Laut	Lóa Björg Björnsdóttir	(á eftir að kjósa)
Íþróttamiðstöð/sundlaug	XXX	Álfheiður Guðmundsdóttir
Þjónustumiðstöð/slökkvilið	XXX	Jón Björn Sigurgeirsson
Grindavíkurhöfn	XXX	Arnfinnur Antonsson
Miðgarður/Túngata	Lynda Sýlvía Hallgrímsdóttir	XXX

Nefndin skiptir með sér verkum á næsta fundi og kýs formann og ritara.

Næsti fundur þriðjudaginn 18. ágúst.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 16:00.